

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Hörður Oddfríðarson ritari, Magnús Tryggvason, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliðsmála, Guðrún Pálsdóttir, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir

Afboðuðu, mæta ekki: Árni Stefánsson

Fundur 07.07.2026 settur kl. 18.00

Farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt.

1. Mót og starfsemi

- a. Íslandsmeistaramót aldursflokka í sundi (AMÍ) var haldið í Reykjanesbæ dagana 19.-21. júní í blíðskaparveðri. 222 keppendur tóku þátt í mótinu og gekk það mjög vel. Skipulag mótsins er í höndum mótanefndar SSÍ í nánú samstarfi við öflugt fólk innan ÍRB sem dró vagninn við framkvæmd mótsins. Að vanda endaði mótið á lokahófi í Hljómahöllinni eftir hádegi á sunnudeginum þar sem veitt voru verðlaun fyrir bestu frammistöðu einstaklinga og liða en SH sigraði að þessu sinni en keppni var mjög jöfn allan tímann. Stjórn SSÍ þakkar ÍRB fyrir frábært samstarf við mótshaldið. AMÍ verður haldið á Akureyri að ári.
- b. Sumarmeistaramót Íslands (SMÍ) fór fram dagana 27. og 28. júní í Ásvallalaug. Mótið var mjög skemmtilegt og tóku um 150 manns þátt. Þetta nýja fyrirkomulag mótsins þ.e. að hafa tvo snarpa hluta eftir hádegi er að mælast vel fyrir. Mótið endaði svo á hamborgaraveislu í anddyri og garði Ásvallalaugar þar sem veitt voru verðlaun fyrir besta árangur mótsins. Stjórn SSÍ vill þakka mótanefnd og SH fyrir frábært samstarf við mótshaldið.
- c. Næstu mót hjá okkur eru Íslandsmeistaramótið í Viðavatnssundi sem áætlað er 22. júlí en var í uppnámi vegna regluverks hjá Reykjavíkurborg tengdu Nauthólsvík. Þau tíðindi voru að berast í dag að leyfi hefur fengist fyrir mótinu og fer það fram. Mótastjóri sendir erindi á dómaranefnd vegna mótsins og hefur samband við tímatökuteymi. Bikar er svo áætlaður 27. september. Rifja þarf upp hvað hefur farið fram á fundum þjálfara varðandi breytingar á Bikar og fá upplýsingar frá Leifa um hver staðan er og hvaða breytingar þarf að gera á reglugerð. Mótastjóri setur upp drög að nýrri reglugerð byggða á tillögum þjálfarafunda. Stefnt er að lokahófi liðins tímabils þar sem bikarmeistarar eru valdir, sundfólk ársins, sjálfboðaliðar o.s.frv.
- d. Júlía Þorvaldsdóttir varaformaður SSÍ hefur óskað eftir því að hætta í stjórn SSÍ af persónulegum ástæðum. Lög SSÍ kveða á um að það megi finna stjórnarmann sem situr í fastanefndum Sambandsins og sjá hvort að það sé aðili innan þeirra tilkippilegur að koma í stjórn en sá sem kemur inn getur ekki haft úrslita atvæði í deilumálum. Stjórn mun skoða þetta mál í haust.
- e. Í kjölfarið á samþykki stjórnar á síðasta stjórnarfundum þann 2. júní síðastliðinn varðandi landsliðsþjálfara þá hefur formaður og framkvæmdastjóri tekið málið áfram. Rætt hefur verið við aðila innan hreyfingarinnar um grófa mynd af því sem hefur verið í bígerð og hefur það mælst vel fyrir auk þess sem póstur hefur verið sendur út á hreyfinguna um að mál séu í vinnslu en margir fylgjast spenntir með framgöngu mála. Farið var yfir kynningu að endanlegri tillögu vegna ráðningar í starf Eyleifs. Tillagan var samþykkt og verður kynnt hreyfingunni strax í kjölfarið. Framkvæmdastjóri og formaður munu gera samninga við viðkomandi aðila í kjölfarið.

- f. Framkvæmdastjóri, formaður og Árni Stefánsson hafa hitt Bjarna Snæbjörn Jónsson ráðgjafa hjá ráðgjafafyrirtækinu Hugsýn ehf. um að koma í gang stefnumótun og markmiðasetningu fyrir sundhreyfinguna. Farið var yfir tillögur sem bárust frá Bjarna eftir fundinn ásamt kostnaðaráætlun. Hugmyndir eru uppi um að kynna þessa vegferð á formannafundi í september og að sundhreyfingin mæti á sundþing á fyrri hluta næsta árs með sameiginleg markmið í farteskinu. Stjórn samþykkti að halda þessari vinnu áfram og fara í verkið.
- g. Á stjórnarfundinum 12. maí var samþykkt mótarröðun og samstarfsaðilar á SSÍ mótum fyrir næsta sundár. Mótin eru komin inn á heimasíðuna og haft hefur verið samband við samstarfsaðila. Farið var yfir atburðadagatal afreksstarfs SSÍ og verður það sett inn á atburðadagatal á heimasíðu.
- h. Farið var yfir bréf frá Sunddeild Breiðabliks um atvik sem átti sér stað á AMÍ. Guðrún Pálsdóttir frá ÍRB vék af fundi meðan þetta var rætt enda málið viðkomandi hennar félagi. Bréfinu frá Breiðabliki verður svarað og efni bréfsins kynnt dómaranefnd og einnig verða gefin út leiðbeinandi viðmið um hegðun á sundmótum. Ritari og framkvæmdastjóri munu svara bréfinu fyrir hönd SSÍ.
- i. Farið var yfir erindi frá Sundfélaginu Óðni sem innihélt tillögu um tilfærslu mótahluta á SMÍ. Málið fékk umræðu innan stjórnar og vísað til mótanefndar. Erindinu er vísað til mótanefndar til úrvinnslu.
- j. Valkyrjurnar sem skipaðar eru garpaliði úr Breiðabliki náðu þeim frábæra árangri í lok júní að synda hið sögufræga Catalina-sund sem er 32,3 km leið og liggur frá Catalina-eyju undan ströndum Kaliforníu að meginlandi Los Angeles. Þær syntu sundið á 12 klukkustundum og 34 mínútum, í gegnum sterka strauma og öldugang, meðal hákarla og háhyrninga. Stjórn SSÍ óskar Valkyrjum til hamingju með þennan frábæra árangur. Haldið verður hof þeim til heiðurs þann 13. júlí n.k. þar sem m.a. Hákon Jónsson garpþjálfari til margra ára verður þakkað góð störf en hann er að flytja af landi brott. Ritari SSÍ mun mæta fyrir hönd SSÍ.
- k. Ritari hefur verið í sambandi við water polo lið frá Ármanni vegna næstu skrefa varðandi íþróttina hér á landi. Ritari fór yfir greinargerð um fundi með þessum aðilum og samþykkt var að ritari mundi leiða umræðuhóp um málið.
- l. Ritari gerir grein fyrir samskiptum sínum við Myrtha Pools fyrirtækið sem hefur opnað á það að koma til Íslands og halda stutta ráðstefnu fyrir ríki- og sveitarstjórnir varðandi lausnir til bygginga sundlauga. Stjórn tók vel í erindið og samþykkir að halda málinu áfram.
- m. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) og Háskóli Íslands hafa gert með sér samstarfssamning sem auðveldar íþróttafólki í afrekshópum ÍSÍ að samræma nám og afreksíþróttaiðkun. Samningurinn er mikilvægt skref í áframhaldandi uppbyggingu afreksíþróttar á Íslandi og styrkir umgjörð þeirra sem stunda íþróttir á hæsta stigi.
- n. Ákveðið var að halda Formannafund 17. september og bjóða einnig þjálfurum að sækja fundinn og hefja í leiðinni fyrsta skref sameiginlegrar stefnumótunar hreyfingarinnar.

2. Afreksmál

29.-30. júní Norðurlandsmót Æskunnar í Osló

Norðurlandameistaramót Æskunnar fór fram í Osló 29.–30. júní. SSÍ átti þrjá keppendur á mótinu; þau Alexander Ara Andrason úr Ármanni, Alicja Julia Kempisty og Auguste Balciunaite úr SH. Þjálfari í ferðinni var Daníel Lúkas Tómasson og fararstjóri var Marzena Maria Kempisty.

Árangurinn var góður. Alicja tryggði sér tvenn verðlaun; silfurverðlaun í 200m skriðsundi með tímanum 2:07.16 og bronsverðlaun í 400m skriðsundi á 4:36.42. Auguste bætti sig í 100m bringusundi með 1:15.75 og varð fimmta, auk þess að vera nálægt sínum besta tíma í 200m bringusundi og 400m fjórsundi. Alexander Ari varð fimmti í 100m flugsundi, en var frá sínum besta tíma vegna veikinda dagana fyrir mótið. Hann stóð sig samt vel miðað við aðstæður.

Val á sundfólki fyrir Ólympíuleika Ungmenna (YOG) sem fer fram í Dakar 31.október.-13. nóvember 2026

Eftir Evrópumeistaramót Unglinga þurfum við að gefa upp nöfnin á þeim einstaklingum sem við ætlum að senda á YOG. Keppendur verða að vera á aldrinum 14-17 ára (2009-2012) og einn keppanda af hvoru kyni. Við höfum fengið úthlutað tveimur kvótagreinum, 100m flugsund karla og 50m baksund kvenna. En hægt að skrá viðkomandi í aukagreinir. Lagt er til að velja stigahæsta strákinn og stelpuna fyrir þennan árangur út frá World Aquatics stigatöflunni í 50m laug frá 1. janúar 2026 til 28. júní 2026. Einnig þurfum við að senda þjálfara með í för.

Karla	Grein	Stig	Kvenna	Grein	Stig
Alexander Andrason	100m flug	643	Sólveig Hákonardóttir	200m skrið	715

Flokkun afreksfólks til Afreksmiðstöðvar (AMÍ) fyrir komandi sundár:

Mikilvægt er að skapa skýra sýn um uppröðun einstaklinga til AMÍ, sérstaklega þegar kemur að einstaklingsstyrkjum og launasjóðnum. Það er augljóst að kröfur um launasjóðinn verða auknar og færri einstaklingar munu vera valdir. AMÍ leggur áherslu á að röðun eigi að byggjast eingöngu á árangri á alþjóðlegum meistaramótum. Eyleifur mælir með því að við röðum sundfólki eingöngu eftir þeim tímum sem þau hafa náð á alþjóðlegum meistaramótum í 25m og 50m laug (EM25, HM25, EMU, EM U23, EM50, HM50 og ÓL) yfir tveggja ára tímabil.

Röðun sundfólks verði metin í prósentum miðað við World Aquatics A-lágmark fyrir HM50 á hverju sinni. Þannig getum við skilað inn lista yfir sundfólk eftir EM50 í ágúst, þar sem við horfum á tíma frá EM25, EMU 2025/2026, EM U23 2025, EM50 2026 og HM50 2025.

Drög að atburðadagatali landsliða 2026-2027

Búið er að búa til drög að viðburðum fyrir framtíðarhóp og landsliðshópa SSÍ fyrir sundárið 2026-2027. Þetta eru fyrstu drög sem gætu tekið á sig nýja mynd í byrjun sundárs þegar endanleg ákvörðun er komin í höfn varðandi hverjir leiða afreksstarfið á næsta sundári.

Verkefni framundan

- 7.-12. júlí Evrópumeistaramót Unglinga í München
6 keppendur taka þátt í EMU sem hófst í dag. Fararstjóri í ferðinni er Bjarney Guðbjörnsdóttir, þjálfari er Dadó Fenrir Jasminuson og sjúkrapþjálfari er Hlynur Skagfjörð Sigurðsson.
- 13.-26. júlí Æfingabúðir fyrir EM50 hópinn á Mallorca.
Allt klárt fyrir EM50 æfingabúðirnar á Mallorca og upplýsingabréf hefur verið sent út á hópinn. 18 manna hópur tekur þátt í verkefninu, Hólmfríður nuddari og EMU sundfólkið okkar Hólmar og Vala koma í búðirnar 16. júlí og fá nokkrar nætur heima eftir EMU.
- 10-16. ágúst Evrópumeistaramótið (EM50) í París (valið eftir ÍM50)
10 keppendur taka þátt, nuddari verður Hólmfríður, þjálfarar Dadó og Steindór. Eyleifur tekur þátt í mótinu sem yfirþjálfari, kemur beint frá Kaupmannahöfn einum degi á eftir liðinu.
- 11-13. september Ísland - Færeyjar í Reykjanesbæ
Búið er að velja 20 einstaklinga fyrir þetta verkefni og upplýsingar hafa verið sendar út. Íþróttabandalag Reykjanesbæjar er tilbúið að hjálpa okkur að leysa þetta verkefni. Planið er að nota Vatnaveröldina, gista í skóla og fá mat frá Skólamat. Á næstu vikum mun koma í ljós hverjir munu stýra þessu verkefni fyrir hönd SSÍ.

3. Fundargerðir innan SSÍ

Farið var yfir fundargerðir dómaranefndar nr. 145

4. Aðsend bréf:

Dags	Efni	Sendandi
15.06.2026	World Aquatics Discover Coaching Swimming	WA
18.06.2026	Samningur ÍSÍ og HÍ	ÍSÍ/ÍEP
20.06.2026	EA Congress	EA/NZ
30.06.2026	Íþróttatæing ný dagsetning	ÍSÍ/AS
01.07.2026	Bréf frá Sundfélaginu Óðni vegna SMÍ	Óðinn/ÁB
03.07.2026	Skýrsla vegna NÆM	DL

5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Engin félagaskipti lágu fyrir fundinum				

6. Staðfesting meta / afreka

Grein	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
-------	-------	--------	-------	-------	--------

Engin met lágu fyrir til staðfestingar

7. Önnur mál:

- Árleg ráðstefna European Aquatics verður haldin þann 10. október í Baku í Azerbaijan.
- Áætlað er að skrifstofa SSÍ loki upp úr miðjum júlí fram að lokum ágúst vegna sumarleyfa.
- Næsti fundur stjórnar er áætlaður fyrsti september.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 21.08